

**Sp.**

## **158. Þingsályktun**

um sérstakar launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Sp. 28. ágúst).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta greiða embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins, ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana sérstaka uppbót á laun þeirra frá ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir tímabilið 1. júlí 1942 til 30. júní 1943 eins og hér á eftir segir:

Á fyrstu 2400 kr. grunnlauna, ásamt verðlagsuppbót af þeirri fjárhæð, eins og hún verður á hverjum tíma, greiðast 30%.

Á þann hluta grunnlauna, sem er ofan við kr. 2400.00, og allt að kr. 10000.00, ásamt verðlagsuppbót, eins og hún verður á hverjum tíma, greiðast 25%. Uppbót þessi greiðist mánaðarlega.

Uppbót greiðist úr rikissjóði eftir sömu reglum á tímakaup kennara, eftirlaun í fjárlögum og lífeyri úr lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra, svo og útborgað skrifstofufé og embættiskostnað, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigustyrk.

Grunnlaun í tillögu þessari merkja laun, sem rikissjóður og aðrir, er tillagan greinir, greiða verðlagsuppbót á samkvæmt lögum nr. 48/1942. Með verðlagsuppbót er átt við þá verðlagsuppbót, sem greidd er samkvæmt sömu lögum.

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun launalaganna svo sem unnt er.